

Ingibjörg Sólrún Handsífundur 1986

AF HVERJU SÉRFRAMBOÐ KVENNA.

Þegar ég fór að velta fyrir mér þessari spurningu: af hverju sérframboð kvenna?, komu strax upp í hugann á mér hugtökin menning og reynsla. Eða kannski öllu heldur, kvennamenning og reynsluheimur kvenna. Þessi hugtök láta hversdagslega í eyrum okkar núna en fyrir fjórum til fimm árum, þegar kvennaframbodin voru að fara af stað, voru þessi hugtök byltingarkennd. Í rauninni áttu þessi hugtök og sú hugmyndafræði sem þau byggjast á stærstan þátt í því að Kvennaframbod í Reykjavík árið 1982 varð að veruleika. Engu að síður vorum við afskaplega smeykar við þessi hugtök á þeim tíma. Við vorum svo smeykar við þau að við ætluðum ekki að þora að nota þau í hugmyndafræðilegum grundvelli okkar og stefnuskrá. Reyndar náði sjálft hugtakið "kvennamenning", aldrei inn í stefnuskrá Kvennaframboðsins heldur var valin sú leið að fara almennum orðum um menningu kvenna. Sömu sögu er raunar að segja um stefnuskrá Kvennalistans, ég held að þar standi hvergi hugtakið kvennamenning. Nú reynsluheimurinn, hugtakið reynsluheimur kvenna, hlaut náð fyrir augum okkar eftir miklar umræður. Ég man eftir því að við sátum heilan laugardagseftirmiðdag og ræddum þetta hugtak, og þá heyrðust þær raddir að þetta væri hugtak sem aðeins menntakonur myndu skilja. Ástæðan fyrir þessum ótta okkar var ekki sú að við værum ekki sáttar við hugtökin, heldur sú að bæði hugtökin höfðu mætt talsverðri andstöðu t.d. í fjöldum.

Það voru heilmiklar ritdeilur á þessum tíma um þau og hugmyndafræði Kvennaframboðsins almennt. Hugtökin voru gerð hlægileg og kenningin um kvennamenninguna, þessa sameign kvenna, var útmáluð sem falskenning. Aðallega voru það karlar sem gengu þar fram af miklum móð í dagblöðnum, en lika nokkrar konur. Við stóðum hins vegar fastar á þessum hugtökum eins og hundar

á roði og það skal fúslega játað að það var hreint ekki auðvelt. Mjög margar okkar áttu í miklu tilfinningastríði á þessum tíma og sem oft var mjög erfitt fyrir sálartörið, en um leið hollt og gott og ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið að upplifa þennan tíma, þessi frumbýlisár get ég sagt. Það er skoðun míni eftir þetta alltsaman að pólitisk afstaða sem ekki nærast á tilfinningum sé ófrjó. Dæmi um þetta tilfinningarót það er t.d. að finna í leiðara fyrsta blaðsins okkar. Ég skrifaði þennan leiðara og ég man enn í hvernig hugarástandi ég var þegar ég skrifaði hann. Við vorum mikið á laugardagsfundum og fórum oft á eftir í þjóðleikhúskjallarann og hittum þar mjög marga sem þurftu að segja okkur sitt lítið af hverju. Það var einmitt á sunnudegi eftir eina slika ferð sem ég skrifaði þennan leiðara. Ennþá man ég það hugarástand sem ég var í þegar ég skrifaði hann því að ég hafði orðið fyrir óbótaskömmum þetta ákveðna kvöld. Og þá skrifað ég: "Það hefur sýnt sig að Kvennaframboðið gengur þvert á alla þá pólitisku flokka, hreyfingar og grónu sambönd sem hafa komið sér makindalega fyrir í samfélaginu. Kvennaframboðið mætir skilningi og skilningsskorti, samúð og andúð, stuðningi og höfnun bæði á hægri og vinstri væng stjórnmálanna. Það hefur stokkað upp gömul sambönd og alið af sér önnur nýrri, vegna Kvennaframboðsins sliðra óvinir sverðin og ágætum vinum sinnast. Margir vita ekki lengur sitt rjúkandi ráð og ekkert er lengur gefið. Sem leið út úr þessum ógöngum velja sumir þann kost að þegja og láta sem þeir viti ekki af ungviðinu. Aðrir draga upp úr þússi sínu slitna stimpla sem stundum hafa reynst hentugir í bráðum vanda og svo eru þeir líka til sem hamast gegn því með kjafti og klóm."

Nú því er reyndar ekki að neita, að kenningin um sameiginlegan reynsluheim kvenna byggir á ákveðnum skammti af alhæfingum og einföldunum rétt eins og allar aðrar kenningar. Í grófum dráttum má segja að þessi kenning sé kvenleg umorðun á fleygum frasa frá Karli Marx, og ég vona að þið fyrirgefið þó ég taki hans orð mér hér í munn. En frasinn hans var svona "veröld skapar vitund", eða með

öðrum orðum, vitund okkar mótaðast af þeim veruleika sem við búum við. Þetta er ósköp einfaldur sannleikur. Það er mjög langt síðan þessi kenning var sett fram og það viðurkennt að hún næði yfir stéttir, þjóðerni og kynþætti. Við vorum reyndar bara að bæta kynjunum við þessa upptalningu.

Þrátt fyrir sameiginlegan reynsluheim þá er ekki þar með sagt að allar konur eigi samleið og kona sé alltaf betri málsvari kvenna heldur en karl. Málið snýst um það, að konur gangist við sjálfum sér sem konur. Konur eins og Thatcher og Ragnhildur Helgadóttir hafa oft verið notaðar sem vísbending um það að konur séu engu betri en karlar. Það er að vissu leyti rétt í þessum tveimur tilvikum og því má segja að þessar konur eigi þátt í því að veikja stöðu kvenna. Eins mótsagnakennt og það þó hljómar þá eiga þær þó jafnframt þátt í því að styrkja stöðu kvenna. Þær styrkja nefnilega sjálfsímynd kvenna og víkka svið þeirra með því að vera þar sem þær eru. Annars er þetta ekki mál málanna fyrir mér og ég nefni þetta hérna aðeins vegna þess að þessar konur eru yfirleitt notaðar til að veikja málflutning okkar, um hinn sameiginlega reynsluheim. Ég vil fremur nota þær sem dæmi um undantekninguna sem sannar regluna.

Nú er ég búin að tala talsvert um hugtökin reynsla og menning. En hugmyndafræði okkar má ekki bara byggjast á þessum tveimur hugtökum. Ef hún gerir það, þá getur hún orðið staðfesting á rikjandi ástandi. Þá erum við bara i baráttu fyrir því að koma konum að burt séð frá því hver þeirra pólitík er. Hugtökin kúgun og frelsi eru órjúfanlegur partur af hugmyndafræði okkar. Sérstaða kvenna felst í því að þær fæða börn og ala önn fyrir þeim, - það sem við höfum löngum sagt. Að öllum likindum er kúgun kvenna til komin vegna þessarar sérstöðu og þeirra takmarkana sem hún hefur í för með sér fyrir konur. Þessi sérstaða þ.e.a.s. fæða börn og ala önn fyrir þeim - hún er líka uppsprettu reynslu okkar og menningar og með hana að leiðarljósi vinnum við að frelsi kvenna. En vegna kúgunarinnar er reynsla okkar og menning ekki bara jákvæð heldur líka neikvæð. Það er okkar að vinsa úr og halda í

það lífvænlegasta og besta en kasta því versta. Þess vegna erum við konur ekki bara góðar eins og mér hefur því miður stundum fundist við vilja vera láta, - eins konar mórólsk upphafning. Við erum kúgaðar og sem slikar þá berum við ákveðna neikvæða þátti.

Karlveldið, hin aldagamla kúgun á konum, hefur hins vegar aldrei bodið okkur aðra valkosti en þá, að fá jafnrétti á við karla. Ef við sem heild þ.e.a.s. konur vörpum frá okkur því jákvæða í reynslu okkar og menningu. Þetta getur auðvita aldrei orðið valkostur fyrir konu, það er nærri því líffræðilega ómögulegt. Þessi fullyrðing mínum karlveldið hún kann að hljóma dálitið óljós og ofstækisfull, en hún var í rauninni staðfest fyrir mér í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum. Framkvæmdastjóri V.S.Í var þar spurður um það hvort atvinnurekendur væru tilbúnir til að bæta hag kvenna sérstaklega í komandi kjarasamningum. Hann sagði að það væri ekkert hægt. Auðvitað borguðu atvinnurekendur sömu laun fyrir sömu vinnu, en ef konur ætluðu að hækka í launum þá yrðu þær að snúa sér að þeim atvinnugreinum þar sem mest þensla væri og þær yrðu að axla ábyrgð, eins og hann orðaði það. Með öðrum orðum þær yrðu að gefa það frá sér sem er þeim kannski hjartfólgnast, og þá fyrst gætu þær fengið jafnréttindi. Þetta er auðvitað ómögulegt. Það er ekki hægt að ganga að svona kostum.

Fullyrðingin um það að konur séu kúgaðar fer ákaflega fyrir brjóstið á mörgum konum. Þeim er mjög illa við að þetta sé sagt og það hefur í rauninni verið feluleikur með þetta hugtak í mörg herrans ár í kvennahreyfingunni. Við höfum verið að reyna að finna svona orð eins og undirokaðar vegna þess að það er ekki eins leiðinlegt hugtak. Þetta hugtak fer fyrir brjóstið á konum sérstaklega þegar kúgunin er tengd körlum. Í fyrsta lagi þá vill náttúrlega enginn vera kúgaður, það er vont fyrir sjálfsímyndina og það er sársaukafullt að vera kúgaður og horfast í augu við það. Í öðru lagi þá vill enginn tengja elskuna sína við kúgun. Nýjasta dæmið um þetta er leikritið hennar Súsönnu Svavarsdóttur sem hún Kristín Ástgeirs var að tala um hér áðan eða öllu heldur

yfirlýsingar höfundarins í fjölmíðlum um þá erfiðleika sem hugmyndirnar um karlveldið og kúgun karla á konum hafa skapað í sambúð kynjanna. Auðvita er þetta rétt að vissu marki. Þetta breyti öllu kynja munstri og gerir samskiptin oft erfið. Hitt verðum við að hafa í huga að kúgunin er ekki persónuleg þó hún geti verið það samanber ofbeldi á konum, það er auðvitað persónuleg kúgun. Kúgunin er fyrst og fremst partur af samfélagsgerðinni. Ást á milli karls og konu er hins vegar í hæsta máta persónuleg. Það er í rauninni mjög ósmekklegt að tengja þetta tvennt t.d. ást og kúgun eins hefur verið gert í umræðu undanfarna daga. Svo tekið sé dæmi til samanburðar, þá hugsar maður til Suður-Afríku þar sem eru hvítir og svartir. Hvíti kynstofninn kúgar þann svarta en það er ekki þar með sagt að hver einstakur hvítur maður kúgi hvern einstakan svartanmann. Það er allt annar hlutur. En nú er ég kannski búin að tala alltof langt mál um ást og kúgun, en einhverra hluta vegna þá situr þetta mjög ofarlega í huga mér þessa dagana. Kannski vegna þess að það kemur við kaunin á mér og kemur sjálfsgagt við kaunin á okkur öllum þegar pólitík okkar er dregin niður á það plan að við séum andsnúnar körlum, sem er vissulega ekki rétt. Hins vegar var það einmitt pólitíkin sem ég ætlaði að fara að tala um þegar ég tók þetta hlíðarspor.

Sem sagt það sem ég ætlaði að segja var að við konur erum ekki að þessu brölti, þessu framboðsbrölti eins og það er kallað, til þess eins að koma konum að. Við viljum koma ákveðinni pólitík að og lykilhugtökin í þeirri pólitík eru að mínu mati kúgun, menning, reynsla og frelsi. Þetta verður allt að haldast í hendur. Á þessum hugtökum byggjum við ákveðna pólitík og myndum okkur skoðun á því hvaða aðgerðir séu konum til hagsbóta - okkar kvennapólitík. Og það er einmitt á þessum punkti sem að skiljast leiðir á milli okkar og margra annarra kvenna t.d í flokkunum, en alls ekki allra. Því margar konur eru hjartanlega sammála pólitík okkar en ekki þeirri leið sem við erum vanar að fara, sérframboði.

Upphaflega fórum við þessa leið til að vekja athygli að sérstöðu kvenna, baráttumálum þeirra og viðhorfum. Við

settum fram kröfur um það að konur væru metnar að verðleikum á eigin forsendum og hagsmunir þeirra fengju ákveðinn forgang. Við höfnuðum flokkunum vegna stefnu þeirra og starfsháttar og bjuggum til nýtt pólitiskt afl. Um þessa hluti vorum við sammála allt frá upphafi, þar var enginn ágreiningur. Um hitt voru við kannski ekki sammála hvert væri eðli samtakanna þ.e. kvennaframboðsins. Ég tala um Kvennaframboðið í þessu sambandi vegna þess að það var frumherjinn en að öllum líkindum þá gildir það sama fyrir Kvennalistann. Mér hefur alla tíð fundist að það væru uppi tvær megin línur í afstöðunni til samtakanna. Í grófum dráttum má segja að önnur þessi lína byggist á því að sérframboð séu tímabundin aðgerð en tímalengdin getur auðvitað verið álitamál. Hin megin línan virðist vera sú að að sérframboð kvenna séu komin til að vera. Það er enginn ágreiningur um það á milli okkar allra held ég, að Kvennalistinn sé hreyfing en ekki flokkur, en í rauninni má segja að ef maður er þeirrar skoðunar að Kvennalistinn sé kominn til að vera um ókomna framtíð þá eigi kannski Kvennalistinn meira skyld við flokk en hreyfingu. Hugtakið flokkur hefur hins vegar fengið ákaflega neikvæða merkingu bæði hjá okkur og almenningi sjálf sagt, vegna þess hvernig flokkarnir starfa og vegna starfsháttar þeirra. Og þess vegna held ég að við forðumst flokkshugtakið enda eru okkar starfshættir í eðli sínu ólikir þeirra. Þessar tvær megin línur sem ég hef verið að draga hér upp þ.e.a.s. tímabundin aðgerð annars vegar og hins vegar að sérframboðin séu komin til þess að vera, hafa aldrei verið sérlega skýrar og auk þess dálitið á sveimi. T.d. hafa báðar þessar línur verið til staðar og fléttast saman í hugmyndafræði okkar, stefnuskrá og skrifum. Þetta er auðvita jákvætt, svona eins og að leyfa þúsund krónum að blómstra, en það getur lika gert okkur svolitið erfitt fyrir að vita ekki hvað við erum. Í apríl '85 þegar Kvennaframboð í Reykjavík hóf sinar umræður um það hvort endurtaka ætti framboð til borgarstjórnar þá tók ég saman dæmi um það hvernig þessar tvær línur birtust í skrifum kvennaframboðskvenna. Og ég ætla aðeins að leyfa ykkur að heyra tvö dæmi úr fyrsta tölublaði okkar. Fyrst

tek ég dæmi um það að framboðið væri tímbundin aðgerð en það segir: "Það er auðvitað til skynsamt fólk sem sýnir Kvennaframboðinu andstöðu, en oftar en ekki er hin byggð á misskilningi. Þetta fólk heldur að Kvennaframboðið sé ópólítískur óskapnaður sem eigi sér enga hugmyndafræði. Það heldur að á ferðinni sé enn ein flokksstofnunin og hrýs að sjálfssögðu hugur við því. Einmitt í þessum skilningi á eðli Kvennaframboðs er misskilningurinn fólginn. Kvennaframboð er alls ekki flokkur heldur er það skipulögð pólítisk aðgerð kvenna. Það er mótmæli kvenna við því tillitsleysi sem þeim er sýnt í öllum valda stofnunum samfélagsins, þar sem ekkert mið er tekið af stöðu þeirra og reynsla þeirra og viðhorf forsmáð." "Til þess að standa að þessari aðgerð höfum við stofnað með okkur samtök - Samtök um kvennaframboð. Þessi samtök og sú aðgerð sem þau ætla að standa fyrir er eitt þeirra forma sem kvennabarátta tekur á sig. Við veljum það vegna þess að við teljum að hér sé staðurinn og nú sé stundin fyrir það, það sé i takt við tímann." Þetta var sem sagt eiginlega um þá hugmynd að þetta væri aðgerð.

Í hugmyndafræðilegum grundvelli kvennaframboðs þá segir hins vegar: "Eins og málum er nú háttad virðist það fullreynt að konur geti aukið vald sitt og athafnasvið i íslenskum stjórnámum með því að fara hina hefðbundnu leið flokkakerfisins." Og síðan: "Markmið Kvennaframboðsins er að ónotaður viskuforði kvenna verði nýttur, að hinn sérstaki reynsluheimur þeirra verði gerður sýnilegur og metinn til jafns við viðhorf karla sem stefnumótandi afl i þjóðféluginu. Þá fyrst geta konur og karlar unnið saman, að karlar viðurkenni og tileinki sér þennan reynsluheim á sama hátt og konur tileinki sér það besta og lifvænlegast af viðhorfum karla." Það auðvitað mjög langt í land með að þetta viðhorf náist, þannig að þetta er í rauninni framtíðarsýn og leiðin þá væntanlega til frambúðar.

Það er skoðun mínn að við verðum að gera það upp við okkur hvað við erum. Sú niðurstaða hefur held ég afgerandi áhrif á starfshætti okkar og vinnubrögð. Ég get sagt það strax að ég vil lita á okkur sem hreyfingu í tímbundinni aðgerð. Í rauninni vildi ég til skamms tíma

láta henni ljúka eftir eitt kjörtímbil, en við vitum bara það að það er ekkert sem tekur við. Maður sleppir ekki hendinni af hreyfingu eða samtökum sem komin eru á legg ef ekkert annað er til að taka við. En, ég vil sem sagt lita á þetta sem tímabundna aðgerð og í því tilfelli þá held ég að við verðum að hafa það hugfast, að það er eðli grásrótarhreyfinga að koma og fara. Það er skipt um form, og áherslur o.s.frv. allt eftir því hvernig þjóðfélagið þróast. Form grásrótarhreyfinga eru yfirleitt ekki langlíf og það er kannski einmitt styrkur þeirra að þær breyta sifellt um form.

Með það að útgangspunkti að við séum hreyfing, þá hljótum við að leggja áherslu á nýsköpun, nýjar óformlegar leiðir til að vekja athygli á málstað okkar, á utanþingsbaráttu, valddreifingu, hópastarf, frumkvæði einstaklinga o.s.frv. Auðvitað - og það vitum við allar - hefur okkur gengið misjafnlega með þetta, en við hljótum samt að hafa alla þessa þætti að leiðarljósi í starfi okkar. Það er enginn vafi á því að þessir starfshættir draga úr skilvirkni samtakanna - svo notað sé tiskuord kerfiskarlanna - þetta dregur úr skilvirkninni og þetta dregur líka úr þungaviktinni út á við. Mörgu fólk hrýs örugglega hugur við öllum þessum nýliðum sem þykjast hafa eitthvað að segja um pólitík samtakanna. Það koma ný og ný andlit og fólk hendir engar reiður á því hvað allt þetta fólk heitir og fyrir hvað það stendur og hvaða stöðu það hefur. Í þessu ljósi þá er það auðvitað þægilegast að hafa alltaf sömu konurnar allsstaðar því að þær fá svo góða þekkingu og yfirsýn, þær hafa pólitiska vikt og þær auka hróður samtakanna út á við. Þetta liggur alveg ljóst fyrir, en að minu mati þá var það bara aldrei meiningerin að samtökin sem slik öðluðust sjálfstætt lif, að þau fáru að lifa óháð þessum markmiðum sem við setjum okkur. Í því sambandi langar mig að fá aðeins til liðs við mig Ennuru Goldman sem var rússneskur innflytjandi til Bandaríkjanna um síðustu aldamót og mikill anarkisti. Hún fór einmitt á sinum tíma til Sovétríkjanna að skoða byltinguna þar og leist nú svona misjafnlega á. Sérstaklega á vinnubrögð og starfshætti - þessa

miðstýringu sem var að kreppa hnefann um það sem þar var að gerast. Hún sagði einmitt: "Það verður að vera samræmi milli byltingakenndra markmiða og leiða að markmiðinu. Það fer ekki hjá því að leiðirnar hafi áhrif á markmiðin, sálfræðilega sem og félagslega, þ.e.a.s markmið og leiðir verða að fara saman." Og hún sagði líka: "Hvernig er hægt að breyta ríkjandi valdakerfi þegar þeir sem ætla að breyta heiminum taka upp í eigin starfi það valdakerfi sem þeir telja sig berjast gegn." Þarna var hún auðvitað að tala um þessar tilteknu aðstæður - byltinguna í Rússlandi - en það má vel yfirfæra þessi orð á ýmsa tíma.

Þá er ég kannski komin aftur að kosningum og röðun á framboðslista. Ég held að við þessar kosningar og röðun á framboðslista sé okkur að ýmsu leyti miklu meiri vandi á höndum en flokkunum því við getum svo vel hugsað okkur að að hafa sömu konurnar áfram, ólíkt því sem gerist í mörgum flokkum. Það að hafa sömu konurnar áfram, hlýtur hins vegar að vera í andstöðu við stefnu okkar og starfshætti. Sem hreyfing þá verðum við að tryggja ákveðna endurnýjun án þess þó - og ég tek það skýrt fram, að það fari forgörðum dýrmæt reynsla og þekking. Það er jafnmikið út í hött að halda því fram að reynsla og þekking t.d. á Alþingi, borgarstjórn og hvar sem er, skipti engu máli eins og það er að halda því fram að hún skipti öllu máli. Það er vissulega hægt að komast langt á heilbrigðri skynsemi en þekking er afl - því megum við ekki gleyma.

Langri setu i fjölmennri stofnun á bord við Alþingi og borgarstjórn fylgir ákveðin þekking en henni fylgir líka ákveðin upphornun. Við höfum ótal dæmi um þetta - ekki frá okkur, heldur frá flokkunum. Vegna alls þessa þá þurfum við að koma okkur upp ákveðinni reglu um það hversu lengi hver kona má sitja í kjörinni stofnun. Mér finnst það með öllu ófært að ráða þessi mál í hverju einstöku tilviki í hvert eitt sinn vegna þess einfaldlega að það er óþægilegt fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. Og það gengur náttúrulega ekki fyrir okkur sem vinnum innan þessara stofnana, að þurfa að sitja inni með þá tilfinningu að kannski finnist hinum konunum maður orðinn

svolitið upppornaður. Það er voðalega óþægileg tilfinning að sitja uppi með. Það er t.d. ákveðinn léttir fyrir mig að vita að ég á ekki eftir að sitja í borgarstjórn nema hálft þetta kjörtímabil, - það þarf ekkert að ræða þetta meir því þetta er afgreitt. Það er ákveðið að ég hætti. Og þessi ákvörðun snertir mig ekkert persónulega, ég þarf ekkert að vera að velta vöngum yfir þessu máli og svo hef ég tvö ár til þess að koma mér hægt og rólega niður á jörðina. Ég vil því leggja það til að við á þessum landsfundi ákveðum að lágmarkssetutími fulltrúa okkar í kjörnum stofnunum skuli vera 4 ár og hámarkstími 8 ár. Þetta er prinsípp mál sem varðar öll landssamtókin og þess vegna er eðlilegt að þessi ákvörðun sé tekin hér á þessum fundi, en ekki í hverjum anga fyrir sig. En jafnframt þessari meginreglu þá verður að fylgja einhver samþykkt um það að það verði að tryggja að i öruggum sætum á lista sé alltaf endurnýjun. Það sitji alltaf nýjar konur í öruggum sætum þ.e.a.s. að útskiptin eigi sér ekki stað í einhverjum kippum heldur jafnt og þétt.

Á þessari framsögurædu minni þá hef ég kannski farið svo lítið út um viðan völl, sem er eðlilegt í ljósi þess að mér var ekki uppálagt neitt annað en að tala um hugmyndafræði. Það er kannski svolitið vítt. Ég vona samt að á þessu hugmyndafærðilega flandri minu þá hafi mér tekist að velta upp einhverjum punktum sem nota megi í umræður, hvenær svo sem þær eiga sér stað. Mér sýnist við vera orðnar ansi tímalitlar. Ég þakka ykkur svo fyrir.